

Samningur

Sjúkratryggingar Íslands kt. 650309-0220, í samningi þessum nefndar SÍ og Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS, kt. 680172-0139, í samningi þessum nefndur verksali, gera með sér svohljóðandi samning.

1. Gildissvið.

- 1.1 Samningur þessi tekur til starfsemi Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar SÍBS, sem starfrækt er að Reykjalundi, eins og hún er skilgreind í samningi þessum.
- 1.2 Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS er einkastofnun Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga (SÍBS) og rekin af sambandinu. Reykjalundur heyrir undir stjórn samtakanna sem kosin er til tveggja ára eftir hvert reglulegt sambandsþing í samræmi við lög samtakanna.
- 1.3 SÍ kaupa endurhæfingar- og hæfingarmeðferðir af verksala. Gert er ráð fyrir sólarhringsmönnum á einni 18 rúma legudeild sem sinni þörfum fyrir innlagnir þeirra sem ekki geta nýtt sér þjónustu dagdeilda. Á legudeildinni dvelja þeir skjólstæðingar sem mesta þjónustu þurfa þvert á öll meðferðarsvið. Samhliða er fyrirkomulag allrar annarrar meðferðar við notendur þjónustunnar sinnt á dagvinnutíma á virkum dögum þ.e. í formi dagdeildarþjónustu. Verksali býður upp á gistiþjónustu fyrir þann hluta sjúklinga sem á þurfa að halda t.d. vegna búsetu fjarri Reykjalundi, heilsufars- eða félagslegrar stöðu. Ekki er veitt hjúkrunar- eða meðferðarþjónustu í tengslum við gistinguna heldur eru viðkomandi skjólstæðingar til meðferðar á dagdeild. Ennfremur kaupa SÍ starfsendurhæfingu/atvinnulega endurhæfingu fyrir sex sjúklinga hverju sinni og rekstur heimilis að Hlein fyrir sjö mikið fatlaða einstaklinga.
- 1.4 Rétt á þeirri meðferð sem samningurinn tekur til eiga sjúkratryggðir einstaklingar samkvæmt lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 eða slysatryggðir skv lögum um almannatryggingar nr. 100/2007.
- 1.5 Sjúkratryggðir einstaklingar greiða gjöld fyrir hverja komu til sérgreinalæknis á göngudeild skv. 12. gr. reglugerðar nr. 1042/2010 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Greiðslukvittanir verksala geta nýst sjúkratryggðum einstaklingum til öflunar afsláttarskírteinis. Fyrir komu og endurkomu á göngudeild vegna þjónustu annarra en sérgreinalækna og þeirra sem taldir eru upp í gr. 1.6 skal sjúkratryggður greiða skv. 9. gr. sömu reglugerðar.
- 1.6 Þeir sjúkratryggðu einstaklingar, sem rétt eiga á þjálfun (sjúkra-, iðju- og talþjálfun) á göngudeild verksala skulu greiða gjald fyrir hverja meðferð í samræmi við reglugerð sem velferðarráðherra setur, nú reglugerð nr. 721/2009 um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við þjálfun. Greiðslukvittanir verksala geta nýst sjúkratryggðum einstaklingum til öflunar þjálfunarkorts. Verksali skal hafa gildandi gjaldskrá til sýnis fyrir sjúklinga á göngudeildum.

2. Starfsemi og þjónusta.

- 2.1 Samningur þessi tekur til endurhæfingarstarfsemi verksala á átta meðferðarsviðum, heimilisins að Hlein, auk starfsendurhæfingar/atvinnulegrar endurhæfingar og reksturs göngudeildar svo sem nánar er skilgreint í samningi þessum. Samningurinn tekur til allrar stoðþjónustu, sem nauðsynleg er starfsemi stofnunarinnar. Hann tekur einnig til stoðþjónustu sem verksala er heimilt að kaupa af öðrum, enda uppfylli þeir ekki minni kröfur en gerðar eru til verksala í samningi þessum um slíka þjónustu.

Samningurinn fellur að skipulagi endurhæfingar í landinu og tekur mið af samkomulagi stjórnenda Landspítala, Reykjalundar og Heilsustofnunar Náttúruvæðingafélags Íslands um verkaskiptingu þessara stofnana í endurhæfingu. Samkomulagið byggir á tillögu endurhæfingarlækna og fagfólks í endurhæfingu, sbr. fylgiskjöl 1 og 2 með samningi þessum.

Hlein, heimili fyrir sjö mikið fatlaða einstaklinga, fellur einnig undir ákvæði samnings þessa, að því marki sem við getur átt, en heimilið skal rekið sem sjálfstæð rekstrareining með aðgreindan fjárhag.

2.2 Verksali tekur aðeins þá einstaklinga í meðferð samkvæmt þessum samningi, sem hafa beiðni um meðferð hjá verksala og eru sjúkratryggðir skv. lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 eða slysatryggðir skv. lögum um almannatryggingar nr. 100/2007.

2.3 Meðferðardeildir og einingar á Reykjalundi sem undir samninginn heyra eru:

- * Lækningar
- * Hjúkrun
- * Sjúkraþjálfun
- * Iðjuþjálfun
- * Heilsuþjálfun
- * Sálfræðiþjónusta
- * Félagsráðgjöf
- * Talmeinafræði
- * Næringarráðgjöf

2.4 Samningur þessi tekur til Rannsóknastofu í lífeðlisfræði hjarta og lungna sem er stoðdeild.

3. Markmið.

3.1 Markmið samningsins er að veita þeim sem samningurinn tekur til bestu mögulega endurhæfingarþjónustu sem uppfylli ákveðnar gæðakröfur samkvæmt gæðaáætlun Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins frá árinu 1999, sbr. 7. gr. samnings þessa og að nýta vel það fé sem SI greiða.

3.2 Við framkvæmd samningsins skal verksali leita leiða til að ná fram markmiðum hans með hagkvæmum og skilvirkum hætti og tryggja að þjónusta við sjúklinga sé ávallt í fyrirrúmi.

4. Forskoðun, meðferð og eftirfylgd á göngudeild.

4.1 Forskoðun.

Til að ná markmiðum samningsins og til að stuðla að því að sem flestir sjúklingar, með beiðni um meðferð hjá verksala, séu sjúkdómsgreindir við upphaf meðferðar, hefur verksali komið sér upp forskoðunarkerfi. Við forskoðunina er lagt mat á getu sjúklings til að nýta sér endurhæfingarmeðferð og líklegan árangur meðferðar.

Læknar, þjálfarar, hjúkrunarfræðingar og eftir þörfum annað heilbrigðisfagfólk annast forskoðun. Að henni lokinni liggur fyrir á hvaða þjónustustigi meðferð sjúklings hefst svo og meðferðaráætlun hans og er hún kynnt sjúklingi. Þeim sjúklingum sem ekki þurfa sérhæfða meðferð er beint í aðra farvegi heilbrigðiskerfisins.

4.2 Meðferð á göngudeild.

Ef niðurstaða forskoðunar, sbr. 4.1 bendir til að meðferð á göngudeild henti best sjúklingum er þeim boðin slík meðferð. Sú meðferð er fölgin í fræðslu, stuðningsmeðferð og almennri þjálfun. Starfsemi göngudeildar byggir á þjónustu heilbrigðisfagfólks af öllum meðferðarsviðum verksala.

- 4.3 Eftirfylgd.
Til að bæta meðferðarhaldni og árangur endurhæfingar skal þeim sjúklingum, sem þess þurfa með, veittur stuðningur á göngudeild.
- 4.4 Fjöldi á göngudeild.
Á samningstímabilinu verður áfram unnið að því að efla göngudeildarstarfsemi, fyrst og fremst forskoðanir, mat á getu til endurhæfingar og eftirfylgd. Göngudeildarkomur eru nú milli 4.000 og 5.000 á ári.
- 4.5 Sjúkráþjálfun á göngudeild.
Á göngudeild skal sjúkratryggðum einstaklingum veitt sjúkráþjálfun skv. beiðni þar um. Fyrir hverja meðferð greiðir sjúkratryggður einstaklingur gjald, sbr. gr. 1.6.

5. Endurhæfingarmedferð og magn þjónustu.

- 5.1 Meðferðarsvið og magn þjónustu.
Starfsemin greinist á átta meðferðarsvið, sem nánar er lýst í *fylgiskjali 1*, með mismunandi meðferðarform, eftirfylgd og árangursmat, en í *fylgiskjali 6* með samningi þessum er upptalning matstækja, sem notuð eru til árangursmælinga hjá verksala.

6. Kröfur til þjónustu og aðbúnaðar.

- 6.1 Endurhæfingarþjónusta.
Sjúklingum skal tryggð fullnægjandi endurhæfingarþjónusta sem taki mið af þörfum þeirra. Verksali ábyrgist að viðurkenndir sérfræðilæknar í endurhæfingu og öðrum þeim sérgreinum, sem þörf er á og annað sérhæft starfsfólk, starfi jafnan á stofnuninni. Verksali skipuleggur endurhæfingarþjónustu á stofnuninni, setur markmið um þjónustustig og framfylgir þeim.
- 6.2 Fæði.
Verksali veitir innrituðum sjúklingum fullt fæði sem tekur mið af markmiðum Lýðheilsustöðvar. Verksali sér sjúklingum í starfsendurhæfingu/atvinnulegri endurhæfingu fyrir fæði þann tíma sem þeir dvelja hjá verksala.
- 6.3 Lín og fatnaður.
Verksali sér sjúklingum fyrir sængurfatnaði.
- 6.4 Hollustuhættir.
Starfsemi verksala skal uppfylla kröfur heilbrigðisreglugerðar og kröfur laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 með síðari breytingum ásamt reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim lögum.
- 6.5 Réttindi sjúklinga.
Um réttindi sjúklinga, auk sérákvæða samnings þessa, gilda ákvæði laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

7. Gæði þjónustu, markmið og innra eftirlit.

- 7.1 Rekstur verksala skal miðast við að veita eins góða endurhæfingarþjónustu og kostur er í anda samþykktar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) en samkvæmt henni er markmið endurhæfingar eftirfarandi:
*“Endurhæfing miðar að því að skjólstæðingur nái aftur eins góðri líkamlegri, andlegri og félagslegri færni og unnt er. Hún felur í sér öll þau úrræði sem miða að því að draga úr áhrifum fötlunar og þeim hindrunum sem fötlunin veldur.
Hún felur jafnframt í sér þau úrræði sem gera fötlðu fólki kleift að vera virkir þjóðfélagsþegnar.”*

7.2 Beitt verði viðurkenndum árangursmælingum eftir því sem unnt er til að meta árangur endurhæfingarinnar.

7.3 Verksali setur sér gæða- og þjónustumarkmið, sem byggir á gæðaáætlun Velferðarráðuneytisins og kemur sér upp innra eftirliti m.a. í þeim tilgangi að unnt sé að sannreyna gæði þjónustunnar. Gæðakerfið skal m.a. taka til þeirra atriða sem upp eru talin í 4. og 6. gr. ásamt fylgiskjali I en auk þess til eftirfarandi þátta:

7.3.1 Sjúkraskrár.

Halda skal sjúkraskrár samkvæmt lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009 og lögum um réttindi sjúklunga nr. 74/1997, reglugerð um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál nr. 227/1991, með síðari breytingum og kröfum Landlæknisembættisins.

7.3.2 Lyfjamál.

Lyfjamál verksala heyra undir framkvæmdastjóra lækninga. Hann tilnefnir tvo af læknum stofnunarinnar og hjúkrunarfræðing í lyfjanefnd sem ásamt lyfjafræðingi skulu vera ráðgefandi um eftirfarandi:

- * að tryggja að sjúklingar stofnunarinnar fái lyf við hæfi
- * að lyfjameðferð sé í samræmi við yfirlýsta lyfjastefnu og hlutverk verksala
- * að semja og viðhalda lyfjalista stofnunarinnar
- * að semja reglur um með hvaða hætti ný og dýr lyf eru tekin á lyfjalista eða notuð í undantekningartilfellum innan stofnunarinnar
- * að tryggja hagkvæm innkaup lyfja m.a. með þátttöku í sameiginlegum innkaupum og útboðum með öðrum heilbrigðisstofnunum
- * að fylgjast með lyfjakynningum innan stofnunarinnar og sjá til þess að þær samræmist síðareglum Læknafélags Íslands og reglum stofnunarinnar um lyfjakynningar.

7.3.3 Ábendingar og kvartanir.

Við atvikaskráningu og meðferð ábendinga eða kvartana, sem er hluti af innra eftirlitskerfi verksala, skal fara að ákvæðum laga um réttindi sjúklunga nr. 74/1997 og laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingum. Allar kvartanir skulu fá formlega afgreiðslu.

8. Fjármögnun.

8.1 Til að standa undir þjónustu og kröfum sem samningur þessi tekur til greiða SÍ 1.392,3 m.kr. árið 2011.

Sundurliðun þessara fjárhæða milli einstakra greina samningsins er sem hér segir:

Ár	Viðmiðunar- fjárhæð	Hlein	Geð- svið	Gigtar- svið	Hjarta- svið	Tauga- svið	Hæfingar- svið	Lungna- svið	Næringar- og offitu- svið	Verkja- svið	Starfs- endur- hæfing / atvinnu- leg- endur- hæfing	Stoð- svið	Heildar- greiðsla
2011	1280,5	111,8	84,2	76,3	67,6	78,1	41,0	87,1	60,7	90,2	36	659,3	1.392,3

Greiðslan miðast við að verksali beri fulla fjárhagslega ábyrgð á rekstri sínum, þ.m.t. á greiðslu launa, lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna sinna, starfstengdum kostnaði eins og t.d. launum staðgengla vegna veikinda, námsleyfa og námskostnaðar.

- 8.2 Uppfylli verksali ekki kröfur um magn þjónustu skv. gr. 4.4 um meðferðarfjölda á göngudeild og fylgiskjali 1 um meðferðarsvið og magn þjónustu, um starfsendurhæfingu/atvinnulega endurhæfingu og um Hlein, skerðast greiðslur skv. gr. 8.1 um allt að 80% af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvert meðferðarsvið.
- 8.3 Verði um rekstrarafgang að ræða ber verksala að ráðstafa hagnaðinum til myndunar varasjóðs til að mæta hugsanlegum halla og/eða til uppbyggingar á aðstöðu þ.m.t. tækjum og búnaði eða bættri þjónustu við sjúklinga og til eflingar rannsóknastarfsemi á stofnuninni.
- 8.4 Fjárhæð í grein 8.1 er á verðlagi ársins 2011. Komi til framlengingar á samningi þessum skal greiðsla skv. gr. 8.1 breytast árlega í samræmi við launa- og verðlagsforsendur fjárlaga hvers árs. Af heildarframlagi ríkisins samkvæmt samningnum skal 80% teljast vegna launakostnaðar og 20% vegna annars kostnaðar.

Greiðsluhluti vegna launa skulu taka breytingum sem taka mið annars vegar af hlutfallslegu vægi starfshópa skv. *fylgiskjali 5* með samningi þessum og hins vegar af mati fjármálaráðuneytisins á hækkunum í kjarasamningum við stéttarfélag viðkomandi starfshópa ríkisstarfsmanna hjá sjúkrastofnunum. Fari fram endurmat á launa- og verðlagsforsendum fjárveitinga til sambærilegra ríkisstofnana innan ársins skal endurskoða framlag til verksala með sama hætti. Telji verksali ástæðu til að breyta vægi starfshópa skv. *fylgiskjali 5* með samningi þessum skal hann leggja fram launagögn því til stuðnings áður en níu mánuðir eru til upphafs næsta fjárlagaárs.

Greiðslur vegna annars kostnaðar en launa skulu breytast samkvæmt forsendum fjárlaga um almennar verlagsbreytingar vegna sams konar kostnaðar og hjá sjúkrastofnunum.

9. Greiðslutilhögun.

- 9.1 Greiðslur SÍ skv. gr. 8.1 skulu greiddar fyrirfram í 12 jöfnum greiðslum fyrsta virka dag hvers mánaðar, gegn framlögðum reikningi (gildir frá 1. ágúst 2011).
- 9.2 Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi fyrir 10. dag mánaðar skulu SÍ greiða hæstu löglegu dráttarvexti frá þeim tíma, enda verði greiðsludrátturinn rakinn til atvika sem SÍ skulu bera halla af.

10. Tryggingar.

- 10.1 Til tryggingar efndum á ákvæðum samnings þessa hefur verksali lagt fram tryggingabréf að fjárhæð kr. 85.000.000- áttatíuogfimmilljónir króna - sem nú er tryggt með 1. veðrétti í fasteignum verksala að Reykjalundi, Mosfellsbæ.
Í tryggingabréfinu er veðheimild fyrir lánnum allt að krónum 250.000.000.- tvöhundruðogfimmíumilljónir sem hvíli á veðréttum fyrir framan nefnt tryggingabréf.
- 10.2 Tryggingabréfið, sem dagsett er 9. janúar 2001, er varðveitt hjá velferðarráðuneytinu ásamt yfirlýsingu dags. 17. desember 2003 og veðbandslausn að hluta dags. 29. janúar 2004. SÍ skuldbinda sig til að ganga ekki að hinni veðsettu eign samkvæmt tryggingabréfinu nema fyrir liggi endanleg niðurstaða dómstóla skv. gr. 16.1.

11. Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir.

- 11.1 Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda lög um ársreikninga nr. 144/1994 með síðari breytingum og um bókhald nr. 145/1994 með síðari breytingum.
- 11.2 Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi vegna þeirrar starfsemi og þjónustu er samningurinn tekur til aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri og eignum verksala. Aðgreina skal rekstur Hleinar frá annarri endurhæfingu.
- 11.3 Stjórnarmaður, forstjóri, framkvæmdastjóri og aðrir stjórnendur verksala mega ekki taka þátt í meðferð máls um samningagerð milli verksala og þriðja aðila, ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta, sem kunna að fara í bága við hagsmuni verksala. Skyld er stjórnarmanni, og stjórnendum að upplýsa stjórn og SÍ um slík atvik.
- 11.4 Óheimilt er að ráðstafa fé sem greitt er vegna samnings þessa til annars en þeirra verkefna sem tilgreind eru í samningnum og samrýmist almennum kröfum sem gera verður um meðferð á skattfé.
- 11.5 Verksali skal fara að lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup. Í því felst að bjóða skal út kaup á vörum og þjónustu þegar keypt er fyrir 6,2 millj. kr. eða meira og framkvæmdir yfir 12,4 millj. kr. eða meira, sbr. nú reglugerð nr. 230/2010, enda fari það ekki í bága við augljósa hagsmuni SÍ. Við útboð skal þess vandlega gætt að seljendum vöru og þjónustu sé ekki mismunað.

12. Eftirlit með framkvæmd samningsins.

- 12.1 Eftirlit Landlæknis.
Landlæknir hefur eftirlit með að framangreind þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma, sbr. 7. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni.
- 12.2 Eftirlit SÍ.
Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu SÍ hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga. Stofnunin hefur samráð við landlækni um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits. SÍ áskilja sér rétt til að skoða aðstæður þar sem þjónustan samkvæmt honum er veitt og kalla eftir upplýsingum sem hann telur þörf á hverju sinni. Verksali skal stefna að því að taka upp kostnaðargreiningu á einstökum meðferðarsviðum. Verksali skal með reglulegu millibili upplýsa SÍ ótilkvaddur um lykiltölur reksturs samkvæmt nánara samkomulagi, sbr. fylgiskjal 7 með samningi þessum.
- 12.3 Endurskoðun á framkvæmd og fjármálum.
- 12.3.1 Endurskoðun.
Ríkisendurskoðun er heimilt að gera fjárhagsendurskoðun á allri þeirri starfsemi verksala sem umsamin er í verksamningi þessum. Í því sambandi er verksala skyld að afhenda Ríkisendurskoðun alla reikninga sína, öll bókhaldsgögn og önnur gögn sem nauðsynleg eru við endurskoðunina, sbr. lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.
- 12.3.2 Stjórnsýsluendurskoðun.
Ríkisendurskoðun getur einnig framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá verksala, sbr. lög nr. 86/1997 um ríkisendurskoðun.

13. Upplýsingaskylda.

- 13.1 Verksali skal ótilkvaddur senda SÍ og Ríkisendurskoðun fyrir lok apríl ár hvert endurskoðaðan ársreikning ársins á undan, ásamt ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfseminni, nýtingu meðferðarsviða, sbr. 4. og 5. gr. í samningnum sem og framkvæmd samningsins.
- 13.2 Verksali skuldbindur sig til að upplýsa SÍ þegar í stað ef hann sér fram á að hann geti ekki uppfyllt fjárhagsleg eða fagleg ákvæði samningsins.
- 13.3 Nánari skilmála um upplýsingagjöf er að finna í *fylgiskjali 7*, sem er hluti samnings þessa.

14. Þagnarskylda.

- 14.1 Allir starfsmenn verksala skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara lögum samkvæmt.
- 14.2 Ráði verksali undirverktaka til starfa skuldbindur hann sig til að láta undirverktaka og starfsmenn hans undirrita heit um þagnarskyldu.

15. Vanefndir.

- 15.1 Sýni SÍ með óyggjandi hætti fram á, að verksali uppfyllir ekki skyldur sínar samkvæmt samningnum, geta þær birt verksala skriflega kröfugerð og krafist tafarlausra úrbóta og sett hæfilega tímafresti.
- 15.2 Ef verksali vanefnir samningsskyldur sínar geta SÍ rift samningnum. Samningi þessum verður þó eigi rift nema vanefnd sé veruleg enda hafi SÍ áður gert verksala viðvart skriflega og sett honum hæfilegan frest til úrbóta.
- 15.3 Hafi verksali ekki bætt úr annmörkum samkvæmt kröfugerð innan tímafrests hafa SÍ heimild til að fresta greiðslu þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Verksali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað skv. þessari grein.
- 15.4 Ákvæði 15.1 - 15.3 gilda eftir því sem við á um vanefndir SÍ gagnvart verksala.

16. Réttarfar.

- 16.1 Mál er rísa kunna vegna brota á samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

17. Gildistími og endurskoðunarákvæði.

- 17.1 Samningur þessi, sem er gerður í framhaldi af samningi Reykjalundar og Heilbrigðisráðuneytisins dags.29. desember 2005 með síðari breytingum, gildir frá og með 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2011. Hann öðlast þó ekki gildi fyrr en hann hefur verið staðfestur af velferðarráðherra. Hafi nýr samningur ekki komist á við lok samningstímans skal starfað áfram eftir samningi þessum, meðan báðir aðilar samþykkja.
- 17.2 Telji samningsaðili að forsendur samningsins hafi breyst getur hann farið fram á viðræður um endurskoðun á einstaka ákvæðum samningsins á samningstímabilinu.

18. Fyrirvarar.

- 18.1 Fjárhæðir í grein 8.1 eru settar fram með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu á fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunni að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig verður heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi eða hagræðingu í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til í sama mæli og hjá öðrum heilbrigðisstofnunum taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga, enda lækki kröfur um afköst á móti.
- 18.2 Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki velferðarráðherra.

Reykjavík, 10. júní 2011

F.h.Sjúkratrygginga Íslands

Þórunn Guðjónsdóttir
Guðlaug Björnsdóttir

F.h. stjórnar Reykjalundar
Endurhæfingarmiðstöðvar S.Í.B.S.

Þórunn Guðjónsdóttir

Staðfesting velferðarráðherra

24/6 2011
Guðbjörgur Samuelsen

Bókun:

Stefnt er að endurskoðun á samningnum fyrir lok ársins 2011 m.a. vegna breyttra áherslna í endurhæfingarferlinu.

Fylgiskjöl með samningi þessum eru eftirfarandi og teljast þau hluti hans:

Fylgiskjal 1. Meðferðarsvið og magn.

Gert er ráð fyrir sólarhringsmönnum á einni 18 rúma legudeild sem sinni þörfum fyrir innlagnir þeirra sem ekki geta nýtt sér þjónustu dagdeilda. Á legudeildinni dvelji þeir skjólstæðingar sem mesta þjónustu þurfa þvert á öll meðferðarsvið. Öðrum sem þess þurfa stendur til boða gisting þeim að kostnaðarlausu. Skipting sjúklinga á sviðin skal vera eins og að neðan greinir:

Geðsvið: 130-150 sjúklingar á ári

Á geðsviði fer fram endurhæfing sjúklinga með geðsjúkdóma svo sem þunglyndi, áfallaröskun og kvíðaröskun.

Meðferðarform:

- Hugræn atferlismeðferð.
- Fræðsla og kennsla.
- Styrktar- og þolþjálfun.
- Félagslegur og andlegur stuðningur.
- Hefðbundin lyfjameðferð.
- Eftirfylgd á göngudeild.

Árangursmat:

- Sértekir árangurskvarðar eru notaðir til að meta árangur hugrænnar atferlismeðferðar.
- Sértekir árangurskvarðar eru notaðir til að meta breytingar á þunglyndi, kvíða, verkjum, svefni o.fl.
- Einstaklingsbundið mat fagteymis.

Gigtarsvið: 130-160 sjúklingar á ári

Á gigtarsviði fer fram endurhæfing sjúklinga með langvinna stoðkerfisverki af völdum liðagigtar, slitgigtar, hryggigtar, fjölvöðvagigtar auk annarra langvarandi verkjavandamála. Einnig eru þar til meðferðar fólk eftir líffæraígræðslur og langvinn veikindi.

Meðferðarform:

- Hefðbundin lyfjameðferð. Lögð er áhersla á að endurskoða verkjalyfja-meðferð og bæta svefn.
- Styrktar- og þolþjálfun.
- Fræðsla og kennsla m.a. í liðvernd.
- Félagslegur og andlegur stuðningur.
- Mat og úttekt á getu og færni til búsetu.
- Hugræn atferlismeðferð.
- Einstaklingsbundin framhaldsendurhæfingarátætlun.
- Læknisfræðilegt mat á göngudeild.
- Eftirfylgd á göngudeild.

Árangursmat:

- Ýmis sértek matstæki fyrir gigtarsjúklinga.
- Einstaklingsbundið mat fagteymis.

Hjarta-og krabbameinssviðsvið: 180-200 sjúklingar á ári

Á hjartasviði fer fram endurhæfing sjúklinga með hjartasjúkdóma svo sem eftir hjartaaðgerðir og með hjartabilun. Einnig eru þar til meðhöndlunar hluti krabbameinssjúkra.

Meðferðarform:

- Úthalds- og styrktarþjálfun.
- Fræðsla og kennsla m.a. um mikilvægi lífsstílsbreytinga.
- Andlegur og félagslegur stuðningur.
- Hefðbundin lyfjameðferð.

TSS

9

Eftirfylgd:

- Einstaklingum sem þurfa aðhald og stuðning og geta ekki nýtt sér HL- stöðvar er fylgt eftir með áreynsluprófum eftir útskrift.

Árangursmat:

- Árangur er metinn með samanburði á álagsprófum við komu og brottför.

Hæfingarsvið: 20-30 sjúklingar á ári

Hæfingarsvið sinnir unglingum og fullorðnum með meðfæddar eða snemma áunnar hreyfifatlanir með eða án þroskaskerðingar. Unnið er náið með Greiningarstöð ríkisins í mati á getu og hæfingar til sjálfstæðs lífs þegar ungmenni útskrifast vegna aldurs frá Greiningarstöðinni.

Meðferðarform:

- Hjálpartækjaúttektir.
- Aðlögun hjálpartækja og þjálfun í notkun þeirra.
- Viðhaldsmeðferð sem ekki er unnt að sinna á almennum stofum eða göngudeildum.
- Þjálfun í hvers konar heilsurækt til eflingar lífsgæða.
- Mat og úttekt á getu og færni til búsetu, náms, starfa o.fl. og þjálfun þar að lútandi.
- Eftirfylgd á göngudeild.

Árangursmat:

- Engin ein matsaðferð er til fyrir þennan hóp en sett eru einstaklingsbundin markmið t.d. að bæta setstöðu, hreyfifærni og þjálfu upp öryggi í að umgangast fólk o.s.frv.

Lungnasvið: 160-180 sjúklingar á ári

Á lungnasviði fer fram endurhæfing sjúklinga með langvinna lungnasjúkdóma. Sjúklingar eru þar einnig metnir með lífeðlisfræðilegum aðferðum fyrir lungnasmækkunaraðgerðir og þessi hópur tekinn til endurhæfingar að lokinni aðgerð.

Meðferðarform:

- Hefðbundin lyfjameðferð.
- Þol- og styrktarþjálfun.
- Fræðsla og kennsla m.a. í orkusparandi vinnuaðferðum.
- Reykingameðferð, þ.e. lyfjameðferð, hópmeðferð og fræðsla fyrir sjúklinga sem eru að hætta reykingum.
- Félagslegur og andlegur stuðningur.
- Sértek meðferð í öndunarhópum.
- Eftirfylgd á göngudeild.

Árangursmat:

- Árangur metinn með samanburði á álagsprófum við komu og brottför.
- Öndunarmælingar.
- Sértekt mat á afkastagetu og mæði.
- Sértekur lífsgæðakvarði til að meta lífsgæði lungnasjúklinga.

Taugasvið: 100-120 sjúklingar á ári

Á þessu sviði fer fram endurhæfing sjúklinga með sjúkdóma í miðtaugakerfi. Hér undir falla sjúklingar með margvíslegar sjúkdómsgreiningar svo sem Parkinsons-sjúkdóm, MS sjúkdóm, heilaskaða, myotonúr og stafræn einkenni og afleiðingar eftir heilablóðfall.

Meðferðarform:

- Hópmeðferð t.d. fyrir Parkinsonssjúklinga og þá sem þurfa meðferð eftir heilaskaða.
- Einstaklingsmeðferð.
- Fræðsla og kennsla með það að markmiði að hjálpa þeim sjúka og nánustu aðstandendum að aðlagast breyttum aðstæðum og bæta lífsgæði.
- Mat og úttekt á getu og færni til búsetu, náms, starfa o.s.frv.
- Andlegur og félagslegur stuðningur.

Eftirfylgd:

- Hluta af sjúklingum er fylgt eftir á þverfaglegri göngudeild og veitt viðeigandi meðferð og stuðningur.

Árangursmat:

- Sjúkdómseinkenni og færnisserðing þessa sjúklingahóps er mjög breytileg. Enginn einn skali getur metið árangur alls hópsins svo notuð eru hin ýmsu mælitæki svo sem Bartel, A-one, Amps, NIH stroke skale og sértækir matsskalar fyrir MS sjúklinga og Parkinsonssjúklinga.

Næringarsvið: 90-110 sjúklingar á ári auk sjúklinga af öðrum sviðum

Verkefni næringarsviðs eru tvenns konar:

- a) Þjónusta við sjúklinga með alvarlega offitu þar sem gert er ráð fyrir forskoðun, mati og meðferð á Reykjalundi m.a. til undirbúnings hluta þessara sjúklinga fyrir aðgerð á Landspítala og endurhæfingu og eftirfylgd lækna og meðferðarteymis á Reykjalundi í allt að tvö ár eftir aðgerð. Vísað er til yfirlýsingar um samstarf milli Reykjalundar og Landspítala, *sbr. fylgiskjal 4* með samningi þessum. Meðferð fer fram á göngudeild, dagdeild og legudeild.
- b) Meðferðin er atferlismótandi, unnin með þverfaglegri nálgun og sem langtíma meðferð.
- c) Þjónusta við sjúklinga sem innritaðir eru á önnur meðferðarsvið hjá verksala en þurfa jafnframt að takast á við ofþyngd. Áætlaður fjöldi þeirra sem á slíkri þjónustu þurfa að halda er um 300-400 sjúklingar á ári.

Meðferðarform:

- Fræðsla og kennsla.
- Úthalds og styrktarþjálfun.
- Andlegur og félagslegur stuðningur.

Eftirfylgd:

- Á göngudeild.
- Með innlögn.

Árangursmat:

- Fylgst reglulega með breytingum á þyngd og fituhlutfalli.
- Samanburður á álagsprófum við komu og brottför.
- Öndunarmælingar þegar við á.
- Mat á lífsgæðum.

Verkjasvið: 160-180 sjúklingar á ári

Á verkjasviði fer fram endurhæfing þeirra sem eiga við langvinn verkjavandamál að stríða.

Meðferðarform eru þrepaskipt. Kynningarfundir með sjúklingum og aðstandendum, þriggja daga forskoðunarferli og 4-5 vikna innlögn. Auk þess bóklegr og verkleg fræðsla sjúklinga á biðlista í gegnum internetiði samvinnu við Framhaldsskóla Mosfellsbæjar.

- Lyfjameðferð eftir því sem við á. Áhersla lögð á að draga úr notkun verkjalyfja.
- Styrktar- og þolþjálfun.
- Fræðsla og kennsla.
- Andlegur og félagslegur stuðningur.
- Hugræn atferlismeðferð.
- Einstaklingsbundin verkjameðferð.

Eftirfylgd:

- Hluta af sjúklingahópnum verður fylgt eftir á þverfaglegri göngudeild og veitt viðeigandi meðferð og stuðningur.

Árangursmælingar:

- Visual analog verkjaskali.
- Numeric rating scale (NRS).
- Matsskali fyrir verkjasjúklinga Reykjalundar.
- Mælikvarðar sem meta árangur hugrænnar atferlismeðferðar fyrir hluta hópsins.

Starfsendurhæfing / atvinnuleg endurhæfing:

Höfuðmarkmið endurhæfingarinnar er að hjálpa fólki út á vinnumarkaðinn eftir veikindi og slys. Oft þarf að beina fólki í nám svo það hafi forsendur til að fá vinnu við hæfi. Í byrjun er því mikilvægt að kanna áhuga, getu, menntun og starfsreynslu, ásamt því að skoða færnisserðinguna, þ.e. að skoða takmarkanir og tækifæri. Andleg og líkamleg færni er metin, endurhæfing skipulögð og meðferð veitt ef á þarf að halda. Unnið er bæði einstaklingsbundið og í hópum.

Mikil áhersla er á fræðslu og kennslu ásamt því að bæta líkamsvitund og vinnustellingar. Vinnulag er kannað, einnig áhugamál og reynt er að auka vinnuþol, styrk og úthald, með fræðslu, æfingum og vinnuþrófun, bæði innan staðar og utan. Einnig er lögð áhersla á vinnuaðlögun, þar sem athugað er hvort hægt sé að breyta vinnuumhverfi, vinnutíma og vinnuferli. Skjólstæðingurinn er aðstoðaður við að setja sér raunhæf markmið miðað við færni og getu. Stefnt er að vinnu við hæfi á hinum almenna vinnumarkaði. Gott samstarf við atvinnulífið og mennta- og fræðslustofnanir er því mikilvæg undirstaða.

Notendur og magn þjónustu:

Samningur þessi miðast við að sex- níu sjúklingar í senn séu í atvinnulegri endurhæfingu. Fjöldi á ári um 25-30.

Meðferð:

Meðferð fer fram á dagdeild, en möguleiki er á gistingu enda sé viðkomandi búsettur utan höfuðborgarsvæðisins eða sérstakar ástæður mæli með fullri dvöl á staðnum á meðferðartíma. Í atvinnulegri endurhæfingu felst mat á vinnugetu, meðferðarúrræði til að þjálfa upp vinnufærni og stuðningur við endurkomu á vinnumarkað eftir veikindi og slys með það að markmiði að koma í veg fyrir varanlega örorku.

Eftirfylgd:

Meðferð fylgir skipulögð eftirfylgd í sex mánuði eftir endurhæfingu.

Árangursmælingar:

Verksali skal í samvinnu við SÍ þróa mælikvarða til að meta árangur endurhæfingar.

Hlein:

Hlein er heimili, staðsett á lóð Reykjalundar, fyrir sjö mikið fatlaða einstaklinga. Það er rekið sem sjálfstæð rekstrareining með aðgreindan fjárhag. Íbúum Hleinar skal tryggð viðeigandi lækniþjónusta, sjúkra-, iðju- og almenn heilsuþjálfun á Reykjalundi. Þroska- og starfsþjálfun er veitt í sérstakri vinnustofu í húsnæði Reykjalundar. Hlein tekur þátt í sameiginlegum kostnaði skv. mati verksala hverju sinni.




Landspítalinn - háskólasjúkrahús, Reykjalundur - endurhæfingarmiðstöð SÍBS
og Heilsustofnun NLFÍ gera með sér svohljóðandi


SAMKOMULAG
um
SAMSTARFSRÁÐ UM ENDURHÆFINGU

1. Markmið samkomulagsins er að efla og samhæfa endurhæfingarstarfsemi nefndra stofnana.
2. Aðilar samkomulagsins stefna að verkaskiptingu og skipulagi á grundvelli tillögu Félags íslenskra endurhæfingalækna sbr. fskj. 1, að gefnu samþykki stjórna viðkomandi stofnana og heilbrigðisráðherra.
3. Aðilar samkomulagsins skipa Samstarfsráð um endurhæfingu til að vinna að þessum markmiðum. Ráðið skal þannig skipað:
 - Landsspítali, háskólasjúkrahús tilnefni 2 fulltrúa og skal annar vera forstöðulæknir endurhæfingarviðs.
 - Reykjalundur tilnefni 2 fulltrúa og skal annar vera lækningaforstjóri stofnunarinnar.
 - Heilsustofnun NLFÍ tilnefni 1 fulltrúa og skal það vera yfirlæknir stofnunarinnar.
4. Samstarfsráð velur sér formann til eins árs í senn, til skiptis milli aðila samkomulagsins. Formaður boðar fundi ráðsins, undirbýr þá og stýrir. Reglulegir fundir verði haldnir a.m.k. ársfjórðungslega.
5. Helstu verkefni samstarfsráðs eru:
 - að stuðla að hagkvæmstu nýtingu húsrýmis, tækjabúnaðar og mannafla.
 - að miðla upplýsingum um þau endurhæfingarúræði sem til eru á hverri stofnun hverju sinni.
 - að leitast við að halda biðlistum í lágmarki og tryggja að sjúklingar séu á réttu þjónustustigi m.a. með starfsemi 5 daga deilda, dagdeilda og þverfaglegar göngudeildarþjónustu.
 - að stuðla að samstarfi við aðra þá sem að láta sig málefni endurhæfingar varða.
 - að samhæfa form innlagnarbeiðna, meðferðarskráninga, árangursmats og annarra gagna er stuðla að bættri endurhæfingarþjónustu.
6. Samstarfsráð skal árlega skila skýrslu um framgang og árangur samstarfsins til stjórna viðkomandi stofnana og Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og komi samkomulag þetta til endurskoðunar í framhaldi af því

Reykjavík 7. júní 2000


f.h. stjórnarnefndar
Landspítala, háskólasjúkrahúss


f.h. stjórnar Reykjalundar,
endurhæfingarmiðstöðvar


f.h. stjórnar
Heilsustofnunar NLFÍ

Fylgiskjal 3. Verkaskipting endurhæfingar, sbr. samkomulag um samstarfsráð, fylgiskjal 2.

Yfirlit yfir starfsemi meðferðarstofnanna uppfært sumar 2010.

Sjúklingahópur/ástæða innlagnar	Grensás		Reykjalundur		HNLFI		Kristnesspítali	
	Frum- endur- hæfing	Viðhalds- endur- hæfing	Frum- endur- hæfing	Viðhalds- endur- hæfing	Frum- endur- hæfing	Viðhalds- endur- hæfing	Frum- endur- hæfing	Viðhalds- endur- hæfing
Taugakerfi								
Heilaslag (stroke)								
Heilaskaði (áverkar/sýk. ofl.)								
Mænuskaði og Hrygggrauf								
Parkinsons sjúkdómur								
MS								
Aðrir taugasjúkdómar								
Stoðkerfi								
Aflimun - fætur								
Aflimun - hendur								
Gigtsjúkdómar - slitgigt								
Gigtsjúkdómar - liðbólgujúkd.								
Gigtsjúkdómar - Vefjagigt								
Langvinnir verkir								
Bæklun - brot								
Bæklun - liðskipti								
Fjöláverkar (án heilaskaða eða mænuskaða)								
Bruni								
Hjarta- og lungu								
Hjartasjúkdómar								
Lungnasjúkdómar								
Börn								
Hæfing/endurhæfing barna								
Meðfædd fötlun								
Fullorðinshæfing—m. þroskaskerðing.								
Fullorðinshæfing—án þroskaskerðing.								
Langvinnir sjd. utan taugakerfis								
Krabbamein								
Langveikir								
Annað								
Offita (BMI>35)								
Geðfötlun/geðröskun/streita								
Starfsendurhæfing / atvinnuleg endurhæfing								

Frumendurhæfing: Fyrsta endurhæfing eftir slys eða sjúkdóm sem hefur færniþerðingu í för með sér, nær einnig yfir nýja færniþerðingu vegna langvinnra sjúkdóma. Fer fram á legudeild, dagdeild og göngudeild.

Viðhaldsendurhæfing: Endurhæfingartímabil vegna langvinnrar færniþerðingar. Eftirfylgd.

Handwritten signature

YFIRLÝSING

um samstarf milli Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH) og Reykjalundar (RL) um meðferð sjúklinga með alvarlega offitu

1. Á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur af samstarfi LSH og RL undanfarin 2-3 ár lýsa aðilar því yfir að þeir stefna að því að veita fólki með alvarlega og lífshættulega offitu bestu mögulega meðferð með formlegri samvinnu.
2. Forsendur samstarfs byggja á þeirri staðreynd að offita (þyngdarstuðull yfir 40) sé stórt heilsufarsvandamál og að besta árangur af megrun náist með vissum tegundum skurðaðgerða s.s. magaminnkun og hjáveituaðgerðum ásamt öflugri undirbúningsmeðferð og endurhæfingu.
3. Samstarfið felur í sér eftirfarandi ferli:
 - Beiðnir vegna sjúklinga með lífshættulega offitu sem berast læknum annað hvort á LSH eða RL skulu í byrjun metnar af læknum RL og þar fari fram val á sjúklingum til aðgerða með forskoðun.
 - Undirbúningur fari fram á RL með atferlismeðferð og lífstílsbreytingum til að langtímaárangur verði sem bestur. Í þessu felst m.a. líkamspjálfun, fræðsla um rétt mataræði og sálfélagsleg styrking.
 - Mat skurðlæknis á LSH m. t. t. aðgerðar í framhaldi af undirbúningsmeðferð og síðan eftirfylgd skurðlæknis á LSH í kjölfar aðgerðar.
 - Eftirfylgjandi meðferð á RL í u.þ.b. 5 vikur fyrir dagdeildarsjúklinga 8 – 10 vikum eftir aðgerð.
 - Eftirfylgd af hálfu lækna á RL í tvö ár fyrir alla sem fara í meðferð og aðgerð.
 - Svuntuaðgerðir á LSH.
4. Meðferðir / fjöldi aðgerða.
Gert er ráð fyrir að 90 – 110 sjúklingar komi til forskoðunar og meðferðar á RL á ári hverju og að 70 – 80 þeirra þurfi að fara í aðgerð á LSH.
5. Samstarfsteymi
Aðilar tilnefna hvor um sig tvo starfsmenn í stjórnunarteymi verkefnisins. Stjórnunarteymið skal halda saman upplýsingum um framgang verkefnisins og árangur og leggja árlega fram skýrslu til forstjóra og framkvæmdastjóra lækninga Landspítala – háskólasjúkrahúss og Reykjalundar sem standa heilbrigðisyrðildum skil á slíkum skýrslum.


Reykjavík 28. september 2004


F.h. Landspítala háskólasjúkrahúss


forstjóri


framkvæmdastjóri lækninga

F.h. Reykjalundar


forstjóri


lækningaforstjóri

Fylgiskjal 5. Hlutfallsleg skipting launakostnaðar á starfsstéttir.

HLUTFALLSLEG SKIPTING LAUNAKOSTNAÐAR Á STARFSSTÉTTIR

M.V. HEILDARLAUNAKOSTNAÐ Á ÁRINU 2010

Reykjalundur

Stéttarfélag	Hlutfall af heild
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	20,2%
Læknafélag Íslands	15,4%
Starfsmannafélag Ríkisstofnana	14,3%
Stéttarfélag sjúkráþjálfara	12,0%
Efling	8,2%
Iðjubjálfafélag Íslands.	8,2%
Sjúkraliðafélag Íslands	7,1%
Sálfræðingafélag Íslands	3,7%
Önnur stéttarfélög háskólamenntaðra starfsmanna	3,5%
Fræðagarður	2,8%
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa	2,6%
Verkstjórasamband Íslands	1,0%
Rafiðnaðarsamband Íslands	0,6%
Trésmiðafélag Reykjavíkur	0,3%
Verslunarmannafélag Reykjavíkur	0,2%
Samtals	100,0%

HLUTFALLSLEG SKIPTING LAUNAKOSTNAÐAR Á STARFSSTÉTTIR

M.V. HEILDARLAUNAKOSTNAÐ Á ÁRINU 2010

Hlein

Stéttarfélag	Hlutfall af heild
Efling	52,6%
Sjúkraliðafélag Íslands	32,0%
Sálfræðingafélag Íslands	15,4%
Samtals	100,0%

Matstæki sem notuð eru til árangursmælinga á Reykjalandi

Spurningalistar (þ.m.t. VAS, tíma- og virkniskráning)

1. Mælikvarði Becks á geðlægð (BDI og BDI-II)
2. Mælikvarði Becks á kvíða (BAI)
3. Vonleysiskvarði Becks (BHS)
4. Automatic thoughts questionnaire (ATQ) í ísl. þýðingu
5. Positive automatic thoughts questionnaire (ATQ-P) í ísl. þýðingu
6. Symptom Checklist-90-R (SCL-90-R)
7. Mælikvarði á viðhorf (MÁV) – Fear avoidance beliefs questionnaire (FABQ)
8. Mælikvarði á þráhyggju-áráttu (Maudsley obsessional – compulsive inventory)
9. Félagsfælnikvarðinn (FFK) – Social phobia rating scale
10. Heilsutengd lífsgæði (HL) – íslenskur kvarði
11. Heilsa þín og vellíðan (SF-36 v2)
12. Hörmungarhyggjukvarði - Pain catastrophizing scale (Pcs)
13. Mat á heilsufari – sjálfsmatsblað
14. Mat á andnað – Shortness of breath questionnaire (SOBQ)
15. Hospital anxiety and depression scale (HAD)
16. Epworth – spurningalisti um svefn og dagþreytu
17. Stöðugt mat sjúklings og hjúrunarfræðings á heilsufari
18. Svefnskrá
19. Verkjamat
20. Virknitafla
21. VAS fyrir verki (visual analog scale)
22. Streitueinkennalisti
23. ABC scale (Activity balance confidence scale)

Matstæki sem byggja á verklegu, skriflegu eða munnlegu prófi

1. Hámarksþolpróf (á hjóli)
2. Sex mínútna göngupróf
3. Tveggja km göngupróf
4. 10 m göngupróf
5. Sit to stand (1 mín)
6. Gripstyrktarpróf
7. Liðmælingar
8. Standup test
9. Situp test
10. Socks test (klæða í sokka)
11. Stand up and go (TUG)
12. Berg, jafnvægispróf
13. M-MAS-UAS 99 (Modified Ashworth scale)
14. Functional reach
15. Athugun á rödd og tali parkinsonsjúklinga
16. Greiningarpróf fyrir máltruflanir
17. RCBA lesskilningspróf (Reading Comprehension Battery for Aphasia)
18. Hraða- og lesskilningspróf Fjöltnis Ásbjörnssonar og Guðna Kolbeinssonar
19. Athugun á talnaleikni
20. Mæling á færni við iðju (Canadian Occupational Performance Measure – COPM)
21. Purdue Pegboard test (handmat)
22. Box and Block (handmat)
23. A-ONE, Arnadóttir OT-ADL Neurobehavioral Evaluation
24. Assessment of Motor and Process Skills – AMPS
25. Occupational Self-Assessment - OSA

Árangur metinn með „passívri“ mælingu

1. Þyngd
2. Líkamsgreining (mat á fitu, „fat free mass“ o. frv.)
3. Mittisummál
4. Líkamsstöðugreining

Fylgiskjal 7. Upplýsingagjöf.

Ársreikningur:

Fyrir lok apríl ár hvert skal verksali ótilkvaddur senda SÍ og Ríkisendurskoðun ársreikning.

Ársreikningurinn skal vera í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga nr. 144/1994 og um bókhald nr. 145/1994, svo og góðar bókhalds- og reikningskilavenjur.

Ársreikningur skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra
- Áritun endurskoðenda
- Rekstrarreikning
- Efnahagsreikning
- Yfirlit yfir sjóðsstreymi
- Reikningskilaaðferðir
- Skýringar
- Sundurliðanir

Árshlutareikningur:

Verksali skal árlega taka saman árshlutareikning fyrir janúar til júní ár hvert ásamt starfssemistölum og senda SÍ ótilkvaddur.

Rekstraráætlun og áætlun um fjölda meðferða:

Verksali skal eigi síðar en fyrir lok desember ár hvert skila ársáætlun til SÍ, þ.e. annars vegar rekstraráætlun og hins vegar starfsáætlun.

Rekstraráætlunin skal sundurliðuð eftir helstu viðfangsefnum og gera grein fyrir dreifingu útgjalda og tekna innan ársins.

Starfsáætlun skal setja starfsemi markmið og fjalla um helstu viðfangsefni komandi árs, starfsemistölur og áætlaðan fjölda meðferða sundurliðaða á meðferðarsvið.

Starfsemistölur:

Verksali útbýr upplýsingaskjal í samráði við verksala með starfsemistölum og lykiltölum rekstrar.

Árlegur fundur:

Verksali skal eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert halda kynningarfund með SÍ þar sem farið er yfir eftirfarandi atriði:

- Rekstrarhorfur liðins árs.
- Starfsemistölur liðins árs.
- Rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár.
- Önnur mál

REKSTRARREIKNINGUR, skipt eftir tegundum.

	Áætlun 2011	
REKSTRARTEKJUR:		
Tekjur samkvæmt þjónustusamningi	-1.280.500.000	
Framlag til heilaskaðaendurhæfingar	0	
Tekjur þjálfunar- og göngudeilda	-24.608.076	
Fæðissala	-9.618.422	
Húsaleiga	-13.415.108	
Gjafir og styrkir	0	
Kostnaðarhlutdeild Hleinar og aðrar tekjur	-7.124.243	
REKSTRARTEKJUR SAMTALS	-1.335.265.849	
REKSTRARGJÖLD:		
Laun og launatengd gjöld	1.066.486.003	79,90%
Aðkeypt vinna og sérfræðiþjónusta	9.560.351	0,70%
Lyf	6.005.529	0,40%
Súrefni	6.795.711	0,50%
Aðkeyptar rannsóknir og rekstrarvörur	6.205.448	0,50%
Hjúkrunarvörur og lækningatæki	2.658.825	0,20%
Sjúklingatryggingar	2.219.258	0,20%
Þvottur, hreinlætisvörur, lín og fatnaður	10.838.240	0,80%
Matvæli	36.372.456	2,70%
Sími, prentun, skrifstofuvörur og pósthúðargjöld	11.372.398	0,90%
Rekstur upplýsingakerfa	18.847.963	1,40%
Viðhald tækja og búnaðar	10.957.187	0,80%
Viðhald húsnæðis og lóðar	29.963.272	2,20%
Rafmagn, hiti og fasteignatengd gjöld	54.788.077	4,10%
Gjaldfærð tæki og búnaður	12.222.189	0,90%
Akstur, flutnings- og ferðakostnaður	14.489.667	1,10%
Afskriftir	25.811.794	1,90%
Námskeið, tryggingar og annar kostnaður	9.671.481	0,70%
REKSTRARGJÖLD SAMTALS	1.335.265.849	100%
HALLI FYRIR FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD	0	
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:		
Vaxtatekjur	0	
Vaxtagjöld	0	
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD SAMTALS	0	
REKSTRARAFGANGUR	0	

Fylgiskjal 9. Áætlun sparnaðar 2011.

Forsendur fjárlaga:

	<u>millj.kr.</u>
Fjárveiting 2010	1.345,6
Niðurskurður 7%	94,2
Sérstök fjárveiting við 3.umræðu fjárlaga	15,0
Nettó sparnaður (6%)	79,2

Sparnaður 2011:

	<u>millj.kr.</u>
Innbyggð hagræðing	20,0
Ræsting, eldhús, verslun	20,0
Eignaumsýslusvið	10,0
Miðgarður - helgar	17,5
Leiguakstur	1,5
Ýmislegt - nýráðningar - afleysingar o.fl.	10,0
Samtals	<u>79,0</u>

Fylgiskjal 10: Heilaskaðaendurhæfing.

Heilaskaðaendurhæfing er þverfagleg starfsemi sem rekin er á göngudeild með viðtölum þar sem unnið er í samvinnu við aðstandendur sjúklings og aðra í umhverfi hans, s.s. heilsugæslu, félagskerfi, skóla, vinnu o.s.frv.

Greiningarmat.

Sjúklingar, sem ekki eru með staðfesta greiningu um heilaskaða fá frumgreiningu og fara síðan í greiningarviðtöl eins og þeir sjúklingar sem þegar eru greindir með heilaskaða.

Með greiningarviðtölum eru styrkleikar og veikleikar sjúklings kortlagðir og sett endurhæfingarmarkmið sem innifelur aukna virkni, í samvinnu við sjúkling og aðstandendur.

Þeim sjúklingum sem ekki hentar heilaskaðaendurhæfing en þurfa sérhæfða meðferð er beint í aðra farvegi heilbrigðiskerfisins.

Endurhæfing.

Heilaskaðaendurhæfing miðast við að sjúklingur nái þeim markmiðum greiningarmatið leiddu til með fræðslu um heilaskaða, orsakir og afleiðingar; endurhæfingu á göngudeild og hópmeðferð með fræðslu, umræðum, verkefnavinnu og annarri endurhæfingu.

Eftirfylgd.

Eftirfylgd heilaskaðateymis á göngudeild er fólgin í skipulögðum stuðningi við sjúkling eftir að hann kemur í sitt eigið umhverfi.

Markmiðið með heilaskaðaendurhæfingu er að bjóða sjúklingum ævilangan stuðning sem er virkur þegar þörf er á þannig að sjálfstæði sjúklings aukist og ofvernd fyrirbyggð. Þannig er veittur samfelldur stuðningur á göngudeild með því að kallað er til það fagfólk sem best á við hverju sinni.

Til nánari umfjöllunar um starfsemi heilaskaðateymis er vísað til „Greinargerðar um þróun nýrrar endurhæfingarmeðferðar fyrir fólk sem hefur fengið heilaskaða“, sem unnin var af heilaskaðateymi Reykjalundar og útgefinn 30. maí 2005 og skýrslunni „Endurhæfing eftir heilaskaða. Starfsáætlun Heilaskaðateymis Reykjalundar árið 2008“ en almennar upplýsingar eru í heilaskaðabæklingi á heimasíðu Reykjalundar frá febrúar 2007, sjá slóðina:

<http://www.reykjalundur.is/media/files/heilaska%C3%B0ab%C3%A6klingur%20-%20endanlegur-lagf%C3%A6r%C3%B0ur1%20%202007.pdf>